

FUNDARGERÐ

Árið 2021, föstudaginn 10. desember kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Margrét Þórarinsdóttir og Karen E. Halldórsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Árna Sverri Hafsteinssyni, Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Stefán Vagn Stefánsson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 5. nóvember og 3. desember 2021

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundi ráðgjafarnefndar 5. nóvember 2021 annars vegar og 3. desember 2021 hins vegar.

Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda.

2. Greiðslu- rekstraráætlun 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 6. greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2021. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um tekjur ríkis og sveitarfélaga. Samtals eru tekjur sjóðsins á árinu 373,6 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun. Þá eru framlög sjóðsins 128,7 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun. Áætlað er að halli af rekstri sjóðsins nemi 480 m.kr. á árinu.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og hún samþykkt.

3. Greiðslu- rekstraráætlun 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2022. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um áætlaðar tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga. Samtals eru gert ráð fyrir að tekjur og framlög sjóðsins nemi tæplega 61 m.kr. á árinu 2022.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og hún samþykkt.

4. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagðar voru fram til kynningar helstu hugmyndir sem til umræðu eru í starfshópi um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Stefnt er að því að hópurni ljúki vinnu sinni fyrir hluta árs 2022.

5. Sameiningar sveitarfélaga

Blönduósbær og Húnavatnshreppur

Lagt var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps þar sem sótt er um framlag vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Í erindinu kemur fram að fyrir liggja gögn frá vinnu sem fór fram við sameiningarverkefnið *Húnvetningur* og munu þau nýtast við undirbúning sameiningartillögunnar.

Framlag þetta er veitt á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 og um ákvörðun fjárhæðar þess gilda sérstakar vinnureglur. Heildarkostnaður við undirbúning sameiningartillögu er áætlaður 8.635.000. Er sú fjárhæð innan þess viðmiðs sem vinnureglurnar gera ráð fyrir.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja framlag allt að fjárhæð 8.635.000 kr.

Stykkishólmsbær og Helgafellssveit

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi samstarfsnefndar um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar þar sem sótt er um framlag vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Framlag þetta er veitt á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 og um ákvörðun fjárhæðar þess gilda sérstakar vinnureglur. Heildarkostnaður við undirbúning sameiningartillögu er áætlaður 15,558 m.kr. Er sú fjárhæð innan þess viðmiðs sem vinnureglurnar gera ráð fyrir.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja framlag allt að fjárhæð 15,558 m.kr.

6. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Strandabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Strandabyggðar, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi, þar sem óskað er eftir því að stuðningur vegna fjárhagserfiðleika verði framlengdur um tvö ár. Í erindinu kemur fram að nokkur árangur hefði náðst fram við að stöðva hallarekstur sveitarfélagsins en þörf sé á frekari stuðningi til þess að unnt sé að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir. Óskar sveitarfélagið eftir framlagi að fjárhæð 100 m.kr. á árunum 2022 og 2023 svo unnt sé að ráðast í framkvæmdir þessar. Einnig er óskað eftir 8 m.kr. framlagi vegna kostnaðar við ráðgjöf við fjármálastjórn sveitarfélagsins.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur tekið erindi þetta fyrir. Tillaga nefndarinnar er sú að veitt verði samtals 36 m.kr. framlag til rekstrar auk 25 m.kr. framlag til framkvæmda á árunum 2022 og 2023. Auk þess verði veitt samtals 8 m.kr. framlag á árunum 2021 og 2022 vegna ráðgjafarkostnaðar.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja framangreinda tillögu. Guðný Sverrisdóttir formaður nefndarinnar vék af fundinum undir þessum lið og fól Birgi Birni Sigurjónssyni fundarstjórn.

7. Útgjaldajöfnunarframlög ársins 2021

Tillaga að hækkun framlaga 2021

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns jöfnunarsjóðs um tillögu að hækkun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2021 um 600 m.kr. ásamt áætlun um skiptingu framlaga.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 10.832 m.kr. í A-hluta og 768 m.kr. í B-hluta. Í hinni nýju áætlun eru hámarkstekjur hvers sveitarfélags miðaðar við forsendur endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2021. Gert er ráð fyrir að um endanlega áætlun vegna ársins 2021 sé að ræða.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2021.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2021.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2021.
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs skólaárið 2020-2021.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1.janúar 2018, 2019, 2020 og 2021 vegna íbúafækkunar- og íbúafjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2021 vegna tekjuskerðingar.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og gerir það að tillögu sinni við ráðherra að hún verði samþykkt.

Akstursþjónusta fatlaðra barna úr dreifbýli

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Umsóknir bárust frá 16 sveitarfélögum þar sem sótt er um samtals 22 leiðir. Árlegur kostnaður nemur samtals 25,2 m.kr. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að heildarframlag verði 18 m.kr. og hámarksframlag á kílómetra verði 405 kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og gerir það að tillögu sinni til ráðherra að hún verði samþykkt.

Viðbótarframlag vegna skólaaksturs

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Heildarfjárhæð framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli er áætluð 750 m.kr. á árinu 2021. Til úthlutunar koma 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum á grundvelli áætlanagerðar og 175 m.kr. koma til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2021 umfram áður áætluð framlög.

Viðbótarframlög miða við kostnað við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2021 umfram áður áætluð framlög þar að lútandi. Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2021. Umsóknir um

viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 419.876.740 kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar samtals 175 m.kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og gerir það að tillögu sinni til ráðherra að hún verði samþykkt.

8. Framlög vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á ársinu 2021

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 28.júní 2021 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2021. Áætlunin var byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.206 m.kr. Endurskoðað þurfti áætlunina á grundvelli breytinga á greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2021. Ný áætlun um framlög vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2021 er að fjárhæð 4.599 m.kr. sem er hækkun um 393 m.kr. frá fyrri áætlun.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og gerir það að tillögu sinni til ráðherra að hún verði samþykkt.

9. Tekjujöfnunarframlög 2021

Endanleg framlög ársins 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun tekjujöfnunarframlaga ársins 2021. Áætlunin tekur mið af endanlegum forsendum um útsvarsstofn 2020. Heildarfjárhæð framlaga er 1,4 ma.kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og gerir það að tillögu sinni til ráðherra að hún verði samþykkt.

10. Efling tónlistarnáms

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög á grundvelli vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2021 til 2022. Áætlunin gerir ráð fyrir að framlag á hvern nemenda fyrir skólaárið 2021–2022 verði 488.851 kr. og eru samþykktar umsóknir fyrir 17 nemendur. Heildarupphæð framlagsins er því 8.310.463kr. sem greitt verður í jöfnum greiðslum á 12 mánuðum.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og gerir það að tillögu sinni til ráðherra að hún verði samþykkt.

11. Samkomulag – höfundarréttarvarið efni

Lögð voru fram drög að yfirlýsingu varðandi endurnýjun samkomulags mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um millifærslu fjármuna vegna miðlægs samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólum.

Nefndin gerði engar athugasemdir við drög þessi.

12. Flutningur á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga

Erindi frá félagsmálaráðuneytinu

Lagt var fram erindi frá félagsmálaráðuneytinu þar sem sótt er um framlag vegna vinnu við kostnaðargreiningar á þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Unnið er að heildarskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samhliða þeirri endurskoðun fer fram mat á kostnaðarþróun þjónustunnar undanfarin ár.

Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga fara þess sameiginlega á leit að veitt verði framlag að fjárhæð allt að 8 m.kr. til þess að standa straum af verkefnisráðningu sérfræðings sem annast samantekt um kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk og sérstakt mat á kostnaðaráhrifum laga- og reglugerðarbreytinga svo og stjórnvaldsfyrirmæla í þessum málaflokki undanfarin ár.

Nefndin samþykkti að veita framlag að fjárhæð 8 m.kr.

13. Viðbótarframlög vegna fatlaðs fólks 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um viðbótarframlög vegna fatlaðs fólks 2021 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Undanfarin ár hefur verið stuðst við rekstraruppgjör sveitarfélaga/þjónustusvæða við útreikning viðbótarframlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks. Með því hefur verið komið til móts við hallarekstur á þjónustusvæðum sem hefur verið nokkuð viðvarandi meðal flestra svæða frá því yfirfærslan átti sér stað árið 2011. Í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins 2021 er gert ráð fyrir að viðbótarframlög á árinu geti numið allt að því 400 m.kr.

Árið 2020 var farin sú leið við úthlutun viðbótarframlagsins að helmingur framlagsins kom til vegna rekstrarniðurstöðu svæða árið 2019 og helmingur framlagsins kom til vegna viðbótarkostnaðar vegna Covid-19 á fyrri hluta árs 2020. Starfsmanni Jöfnunarsjóðs var falið að safna upplýsingum um sérstakan viðbótarkostnað vegna Covid-19 á seinni hluta ársins 2020 vegna mögulegrar útgreiðslu viðbótarframlags á grunni þess kostnaðar. Þar sem kostnaðurinn vegna Covid-19 er mjög lítill í samhengi við rekstrarniðurstöðu svæða, og þar sem gera má ráð fyrir að rekstrarniðurstæða svæða innihaldi sérstakan kostnað vegna Covid-19, er lagt til að byggja viðbótarframlag 2021 á rekstrarniðurstöðu svæða en líta fram hjá sérstökum Covid-19 kostnaði á seinni helmingi ársins 2020.

Nefndin ákvað að gera að tillögu sinni við ráðherra að samþykkt verði áætlun um framlög þar sem eingöngu lögð til grundvallar rekstrarniðurstæða svæða en ekki er tekið mið af almennu skiptihlutfall eins og gert var við úthlutun viðbótarframlags vegna rekstrarniðurstæðu árið 2020.

14. Umsóknir um framlög vegna gæðaeftirlits.

Reykjavíkurborg - stjórnmat

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, þar sem sótt er um framlag vegna innleiðingu á notkun Stjórnmat fyrir fatlað fólk í Reykjavík, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Stjórnmatið á uppruna sinn í Bretlandi, er mikið notað þar af ýmsum aðilum t.d. NHS, lögreglu, skólum og búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk. Þá fer notkun matsins

vaxandi í Evrópu, Asíu, Ástralíu og Bandaríkjunum og er m.a. notað í Danmörku, Finnlandi og Írlandi.

Sótt er um framlag að fjárhæð 6 m.kr. til að standa straum af þýðingu handbókar, námskeiðskostnaði og innleiðingu *Mental Health Recovery Star*. Reykjavíkurborg mun standa straum af þýðingu handbókar vegna *Working Star* og leyfiskostnaði. Fáist styrkur til verkefnisins munu önnur sveitarfélög hafa aðgang að þýddum handbókum og fá leiðbeiningar og stuðning frá velferðarsviði um innleiðingu verkefnisins ef eftir því verður sótt. Einnig kæmi til greina að annað/önnur sveitarfélög tækju þátt í verkefninu samhliða velferðarsviði.

Að lokinni umfjöllun taldi nefndin ekki ljóst að verkefnið nýtist öðrum sveitarfélögum eða þjónustusvæðum og hafnaði nefndin því umsókninni. Birgir B. Sigurjónsson sat hjá við afgreiðslu erindisins.

Reykjavíkurborg – þróun styðjandi gæðaeftirlits

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar þar sem sótt er um framlag til áframhaldandi þróunar gæðaeftirlits í málaflokki fatlaðs fólks. Velferðarsvið borgarinnar er að þróa og innleiða styðjandi gæðaeftirlit með þjónustu við fatlað fólk á grundvelli gæðaviðmiða sem Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) gaf út í ágúst 2020 og eru fyrstu opinberu gæðaviðmiðin fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk á Íslandi. Vinnan tekur einnig hliðsjón af lögum nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sem taka gildi 1. janúar 2022 og kveða á um að þjónustuaðilar hafi virkt innra eftirlit með sinni starfsemi.

Óskað er eftir framlagi að fjárhæð 30 m.kr. til áframhaldandi þróunar á árinu 2022 eða sem nemur kostnaði við stöðugildi tveggja háskólamenntaðra sem hafa reynslu af vinnu með fötluðu fólki og þekkingu á óhefðbundnum tjáskiptum. Velferðarsvið hefur lagt til heilt stöðugildi sem er helgað verkefninu en fleiri starfsmenn koma að verkefninu eftir þörfum hverju sinni. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að alls verði tvö stöðugildi helguð verkefninu en talin er þörf á fjórum stöðugildum svo vel sé.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita framlag allt að 20 m.kr. Birgir B. Sigurjónsson sat hjá við afgreiðslu erindisins.

Kópavogur - gæðaeftirlit

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Kópavogsbæjar þar sem sótt er um framlag vegna gæðaeftirlits í málaflokki fatlaðs fólks. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur hafa sameinast um framkvæmd eftirlits með heimilum, skammtímadvölum og vinnustöðum fatlaðs fólks. Samið hefur verið við verktaka um að sinna innra eftirliti. Sveitarfélögin hafa átt samstarf um þennan eftirlitsþátt frá árinu 2014.

Sótt er um framlag vegna launakostnaðar áframhaldandi eftirlits á árinu 2022 sem áætlaður er 16,4 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita framlag allt að 16,4 m.kr.

15. Vistheimilið Bjarg – erindi frá félagsmálaráðuneytinu

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá félagsmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sem svarar til fyrirbyggjandi SIS-mats tveggja fatlaðra íbúa á Bjargi, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Starfsemi vistheimilisins fer fram á grundvelli rekstrarsamnings sem félagsmálaráðuneytið gerir. Óskað er eftir að framlagið verið veitt frá og með fjórða ársfjórðungi 2021 og síðan á ársgrundvelli á meðan viðkomandi íbúar eru búsettir á vistheimilinu.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að verða við erindi þessu.

16. Fasteignasjóður – umsóknir

Vestmannaeyjabær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Vestmannaeyjabæjar, þar sem óskað er eftir framlagi til úrbóta á aðgengismálum, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Umsóknin er á grundvelli 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 280/2021. Sótt er um framlag vegna uppsetningar á lyftu í endurbyggðu ráðhúsi sveitarfélagsins. Heildarkostnaður nemur 14,2 m.kr. og miðað við 50% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs næmi framlag 7,1 m.kr. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga til úrbóta á aðgengismálum er heildarfjárhæð sem ákvörðuð er Vestmannaeyjabæ 4,9 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að framlag að fjárhæð 4,9 m.kr.

Reykjanesbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjanesbæjar, þar sem óskað er eftir framlagi til úrbóta á aðgengismálum, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Umsóknin eru á grundvelli 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 280/2021. Annars vegar er óskað eftir framlagi vegna kaupa og uppsetningar á lyftu í Duusafnahúsum. Hins vegar vegna breytinga á anddyri á Nesvöllum, þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara. Samtals næmi 50% kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs vegna þessara tveggja framkvæmda 10,1 m.kr. Af þeirri fjárhæð sem Reykjanesbæ var ákvarðað í vinnureglum um framlög á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 standa eftir 6,2 m.kr sé tekið tillit til áður samþykkrar umsóknar.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að framlag að fjárhæð 6,2 m.kr.

Norðurþing

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Norðurþings, þar sem óskað er eftir framlagi til úrbóta á aðgengismálum, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Umsóknin er á grundvelli 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 280/2021. Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengi að Húsavíkurkirkju annars vegar og Bjarnahúsi safnaðarheimili hins vegar. Sótt er um helming kostnaðar eða allt að 19,55 m.kr. Samkvæmt viðauka við vinnureglur um úthlutun þessara framlaga er hámarksframlag til Norðurþings 10,8 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að framlag að fjárhæð 10,8 m.kr.

BsVest

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi BsVest, þar sem óskað er eftir framlagi til úrbóta á aðgengismálum, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Umsóknin er á grundvelli 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 280/2021. Sótt er um framlag til kaupa og uppsetningar á lyftu í ráðhús Vesturbyggðar. 50% kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs næmi 2,9 m.kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að framlag að fjárhæð 2,9 m.kr.

Bergrisinn – aðgengismál

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bergrisans bs, þar sem óskað er eftir framlagi til úrbóta á aðgengismálum, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Umsóknin er á grundvelli 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 280/2021. Annars vegar er óskað eftir framlagi vegna kaupa og uppsetningar á lyftu í grunnskóla Bláskógabyggðar. Hins vegar er óskað eftir framlagi vegna kaupa og uppsetningar á lyftu í félagsheimilið á Flúðum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

Bergrisinn – Sólheimar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bergrisans bs. og Sólheima ses., þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna endurskipulagningar á eldra íbúðarhúsnæði fyrir fatlaða íbúa á Sólheimum. Umsóknin er á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 24,8 m.kr. Sótt er um framlag sem nemur 25% af framkvæmdakostnaði eða 6,2 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja framlag að fjárhæð 6,2 m.kr.

17. Stofnframlög 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um stofnframlög á móti framlagi HMS til byggingar búsetukjarna fyrir íbúa með mjög miklar eða sértækar stuðningsþarfir. Framlög þessi eru veitt á grundvelli a-liðar 2. gr. reglna 280/2021. Samtals gerir áætlunin ráð fyrir að framlög verði veitt vegna sex framkvæmda og heildarframlag þeirra nemi 284,6 m.kr. en þar af sé hlutur Jöfnunarsjóðs 55 m.kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að hún verði samþykkt.

18. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 22. desember.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið laust eftir klukkan fjögur.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir